



**KPMG ehf.**  
Borgartún 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

## **Staðfesting á skýrslu um fjárhagsleg- og sérstök skilyrði vegna prófunar í tengslum við ársreikning**

Umboðsmenn kröfuhafa og  
Hagar hf.  
Holtavegi 10  
104 Reykjavík

### **Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir sem byggir á umsömdu verklagi vegna skuldabréfaflokks HAGA120926 1**

Vísað er til veðhafa og veðgæslusamkomulagsins, dags. 19. janúar 2023, og samnings við staðfestingaraðila, dags. 19. janúar 2023. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagsleg- og sérstök skilyrði, dags. 30. apríl 2025.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 28. febrúar 2025 voru viðkomandi fjárhagslegar og sérstakar kvaðir eftirfarandi miðað við ársreikning:

#### **1. Eiginfjárlutfall**

Eigið fé Haga þann 28. febrúar 2025 nam 38.489 m.kr. Heildareignir skv. efnahagsreikningi sama dag námu 105.036 m.kr. Eiginfjárlutfall Haga þann 28. febrúar 2025 er því **36,6%**.

Fjárhagslegar kvaðir í skuldabréfaflokknum, HAGA120926 1, er að eiginfjárlutfall sé eigi lægra en 25%.

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum og sérstökum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir því staðfest.

Reykjavík, 14. maí 2025

Fyrir hönd staðfestingaraðila,  
**KPMG ehf.**